



**194. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 26. janúar 2012 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Forföll boðuðu: Jón Gestur Viggósson og Helga H. Magnúsdóttir.**

#### **1. Afmæli ÍSÍ**

Farið yfir dagskrá afmælishátíðar ÍSÍ sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. janúar nk. og þau verkefni sem vinna þarf í tengslum við undirbúning og framkvæmd afmælisdagsins.

#### **2. Fundur framkvæmdastjórnar EOC á Íslandi**

Fundur framkvæmdastjórnar Evrópusambands ólympíunefnda - EOC fer fram í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal, laugardaginn 28. janúar nk. Framkvæmdastjóri ÍSÍ og skrifstofa hafa unnið að undirbúningi fyrir fundinn í nánú samstarfi við starfsfólk EOC. Fyrstu gestirnir eru væntanlegir í kvöld.

#### **3. Fundur mennta- og menningarmálaráðherra með formönnum sérsamband ÍSÍ og forystu ÍSÍ**

Forseti fór yfir það helsta sem fram kom á ofangreindum fundi sem haldinn var 9. janúar sl. Friðrik Einarsson lagði áherslu á að haft yrði samráð við Afreks- og ólympíusvið ÍSÍ varðandi vinnu í tengslum við Íþróttastefnu ríkisins til að tryggja að málefni tengd Afreksstefnu ÍSÍ verði tekin með í umræðuna.

#### **4. Ólympísk verkefni**

Friðrik Einarsson fór yfir þátttöku Íslands í Vetrarólympíuleikum ungmenna sem fóru fram í Innsbruck í Austurríki fyrr í mánuðinum. Bestum árangri íslensku keppendanna þriggja náði Helga María Vilhjálmsdóttir með 8. sætinu í svigi. Forseti og framkvæmdastjóri voru við opnun leikanna og fyrstu keppnisdagana.

#### **5. Heiðranir**

Samþykkt að leggja fram á hátíðarfundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ tillögu um að heiðra fjóra einstaklinga með Heiðurskrossi ÍSÍ. Skrifstofu falið að fá staðfestingu á ferilskrá viðkomandi.

#### **6. Heiðurshöll ÍSÍ**

Undirbúningur vegna útnefningar í Heiðurshöll ÍSÍ er í fullum gangi. Verið er að útbúa koparskjöld og viðurkenningarskjal til afhendingar. Formleg samþykkt á fyrstu útnefningu mun fara fram á hátíðarfundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. janúar nk. Forseti fór yfir það nýjasta varðandi reglugerð um ofangreint verkefni. Fundarmenn samþykktu að nota nafnið Heiðurshöll ÍSÍ á verkefnið. Reglugerð um verkefnið, sem samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar 4. janúar sl., staðfest óbreytt.

#### **7. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 193. fundur framkvæmdastjórnar
- fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 11. janúar 2012
- fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 19. janúar 2012

- Verkefnasjóður frá 11. janúar 2012 – **Tillögur sjóðsstjórnar um styrkveitingar samþykktar.**
- Fjármálaráð frá 25. janúar 2012.

#### **8. Útbreiðslustyrkur til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

#### **9. Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

#### **10. Lottóskipting 2012**

Gunnar Bragason skýrði tillögu Fjármálaráðs ÍSÍ um lottóskiptingu 2012. Tillagan samþykkt.

Forseti þakkaði Gunnari Bragasyni gjaldkera og Fjármálaráði ÍSÍ fyrir vandaðar tillögur og þá miklu vinnu sem að baki þeim er.

Lárus Blöndal lagði til að framkvæmdastjórn héldi fljótlega sérstakan vinnufund um skiptingu ÍSÍ á ofangreindum styrkjum og hefðir og reglur þar að lútandi. Samþykkt að stefna að slíkum fundi sem fyrst.

#### **11. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir því að ÍSÍ tilnefni einn karl og eina konu sem fulltrúa (aðalfulltrúa og varafulltrúa) í stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands.

Samþykkt að tilnefna Friðrik Einarsson og Helgu Steinunni Guðmundsdóttur. Ráðuneytið mun ákveða hvort þeirra verður aðalfulltrúi og hvort varafulltrúi.

#### **12. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

#### **13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar**

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar verði haldinn 9. febrúar 2012 kl. 16:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari.